

## Hátíðardagskrá 17.júní 2019

### **8:00 Fánar dregnir að húni og fánahylling á Hamrinum**

Skátafélagið Hraunbúar flaggar víðsvegar um bæinn.

### **11:00 Þjóðbúningasamkoma í Flensborg**

Annríki - Þjóðbúningar og skart veitir aðstoð við að klæðast þjóðbúningum og hvetur Hafnfirðinga til að taka fram þjóðbúninga allra landa. Þjóðbúningamyndataka við Hafnarborg kl. 15:00.

### **13:00 Skrúðganga frá Flensborgarskóla**

Gengið niður Hringbraut, eftir Lækjargötu og inn Strandgötu að Thorsplani. Lúðrasveit Hafnarfjarðar og skátafélagið Hraunbúar leiða skrúðgönguna.

### **Hátíðarhöld á Thorsplani kl. 13:30-17:00**

Karлакórin Prestir

Ávarp fjallkonu, Katla Sif Snorradóttir

Setning Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

Ávarp nýstúdents, Nanna Björg Guðmundsdóttir

- 14:00 Latibær - Ípróttálfurinn & Solla stírða
- 14:20 Sigurvegarar í söngkeppni félagsmiðstöðva Hafnarfjarðar
- 14:30 Lína langsokkur - Ágústa Eva
- 14:50 Fútluz - atriði frá söngleik Víðistaðaskóla
- 15:00 Víkindabardagi - Rimmugýgur
- 15:05 Katrín Halldóra syngur lög Ellýjar Vilhjálms

- 15:30 Kárius og Baktus
- 15:45 Systra-Akt söngleikur Flensborg
- 16:00 BRÍET
- 16:30 JóiP og Króli
- 17:00 Maxi X Daxi

Kynnir er Björgvin Franz Gíslason

### **Skemmtidagskrá við Hafnarborg**

Opið í Hafnarborg frá kl. 12-17

- Tímahvörf: Sýn átta samtímaljósmyndara á Hafnarfjörð og sýningin *comme ça louise?*
- Þjóðbúningasýning þar sem sérstök áhersla er lögð á þjóðbúninga kvenna og þróun þeirra.
- 14:00-15:00 Guðrún Árný söngkona spilar og syngur íslenskar perlur í aðalsal Hafnarborgar
- 15:30 Ingó Geirdal töframaður sýnir töfrabrögð í aðalsal Hafnarborgar
- Útisvæði Hafnarborgar frá kl. 14-16
- Línudans félags eldri borgara, Dansípróttafélag Hafnarfjarðar, stúlkur frá Fimleikafélaginu Björk, gjörningur listahóps Vinnuskólans og hljómsveitirnar Little Menace og Ravison.

### **Byggðasafn Hafnarfjarðar**

Lifandi og fróðlegt safn fyrir alla fjölskylduna . Opið kl. 11:00-17:00 í fimm húsum: Pakkhúsinu, Sívertsens-húsinu, Beggubúð, Bungalowinu og Gúttó auk ljósmyndasýningar á strandstígnunum.

Ókeypis aðgangur.

Pakkhúsið, Vesturgötu 6.

Pakkhúsið er aðalsýningarhús Byggðasafnsins og hýsir þrjár sýningar. Pemasýningin „Í skjóli klausturs“, Þannig var... saga Hafnarfjarðar frá landnámi til okkar daga og á efstu hæð hússins er að finna litríka leikfangsýningu fyrir börn og fullorðna. Í Pakkhúsinu er boðið uppá ratleik fyrir börnin.

Sívertsens-hús, Vesturgötu 6.

Sívertsens-húsið er elsta hús bæjarins, byggt á árunum 1803-1805 af Bjarna Sívertsen sem var á sinni tíð mesti athafnamaður í Hafnarfirði, rak útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Í húsinu er að finna margvíslegan fróðleik um Bjarna og fjölskyldu hans.

Beggubúð, Kirkjuvegi 3b.

Í húsinu er verslunarminjasýning Byggðasafnsins. Húsið var byggt sem verslunarhús árið 1906 fyrir verslun Egils Jacobssens. Það stóð áður við Strandgötu en hefur nú verið flutt á lóð safnsins, gert upp og opnað sem sýningahús.

Bookless Bungalow, Vesturgötu 32.

Bungalowið var byggt sem íbúðarhús fyrir skosku bræðurna Harry og Douglas Bookless árið 1918 en þeir ráku umfangsmikla útgerð frá Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar. Í húsinu er sögu erlendu útgerðarinnar frá fyrri hluta 20. aldar í Hafnarfirði gerð skil en húsið sem slíkt er jafnframt einstakur safngripur.

Gúttó, Suðurgötu 7

Í Góðtemplarahúsinu hefur Byggðasafn Hafnarfjarðar sett upp sýninguna „Gúttó – Hús templara, vagma félags- og menningarlífs í 130 ár“ þar sem ljósi er varpað á sögu Góðtemplarareglunnar í Hafnarfirði og það mikla félags- og menningarstarf sem fram hefur farið í húsinu í gegnum tíðina.

Strandstígurinn

Á strandstígnum meðfram höfninni í Hafnarfirði er Byggðasafn Hafnarfjarðar með sýningaraðstöðu fyrir ljósmyndasafn sitt. Þar má nú sjá sýninguna „Hafnarfjarðarhöfn í 110 ár“. Á sýningunni eru 58 ljósmyndir og nær hún allt frá Dröfn og vestur út Herjólfsgötu.

Hoppukastalarar fyrir börnin við Byggðasafnið.

### **Skemmtidagskrá við Bókasafnið**

- Diskótekið Dísu, hoppukastalar, litli róló
- 15:00 Leikhópurinn Lotta sýnir brot af því besta

## **Víkingahátíð á Víðistaðatúni**

Víkingahátíð Rimmugýggjar á Víðistaðatúni frá kl. 13:00-19:00.  
Aðgangur ókeypis.

- 13:30 Víkingaskóli
- 14:00 Tónlist - Boði
- 15:00 Bogfimikeppni
- 16:00 Víkingaleikir
- 17:00 Tónlist - Hamradun
- 18:00 Bardagasýning
- 19:00 Lokaathöfn

## **Austurgötuhátíð**

Hin stórskemmtilega Austurgötuhátíð verður haldin í níunda sinn þetta árið. Íbúar Austurgötu bjóða Hafnfirðinga og nærsveitarmenn velkomna og eins og fyrri ár verður margt skemmtilegt og spennandi í boði.

## **Linnestígur**

Brettafélag Hafnarfjarðar setur upp snjóbrettasýningu

## **Strandgatan, stræti og torg**

Á Standgötunni verða sölubásar, leiktæki, skotbakkar, borðtennis, bogfimifélagið Hrói Höttur, pílukast og tónlist. Bettína verður með hestvagninn og Margrét Arnars harmonikkuspilari gengur um. Þá verða skapandi sumarstörf og listahópur Vinnuskóla Hafnarfjarðar á ferðinni.

## **Gamli Lækjarskóli**

Siglingaklúbburinn Þytur verður með báta og kajaka á Læknum og teymt verður undir börnum á hestum frá Hestamannafélaginu Sörla.

## **Sjúkrastofnanir**

Heiða Ólafsdóttir og Helgi Hannesson heimsækja sjúkrastofnanir og flytja íslenskar perlur

## **Samgöngur og umferðalokanir**

Miðbærinn verður lokaður fyrir bílaumferð á meðan hátíðarhöldum stendur:

Strandgata og Austurgata: við Lækjargötu

Linnetstígur: við Fjarðargötu og Hverfisgötu 23

Mjósund: við Austurgötu

Bílastæði fatlaðra við Linnetstíg 1

Bæjarbúar eru hvattir til að leggja bílum löglega nálægt miðbænum og ganga eða taka strætó á viðburðastaði.

Bendum á fjölmörg bílastæði við Lækjarskóla, Tækniskólann, Flensborg, Íþróttahúsið Strandgötu og Víðistaðaskóla.

## **SKILJUM HUNDANA EFTIR HEIMA**

Að gefnu tilefni er bent á að hundum líður betur heima en í mannmergð og fólksfjölda.

VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ HUNDAR ERU EKKI LEYFÐIR Á VIÐBURÐASTÖÐUM.

## Ávarp fjallkonunnar 2019

Lyngheimur, ljósheimur  
ljúflingur vakir í steini.

Lyngheimur, ljósheimur  
smáfuglar kvaka í reyni.

Þið komuð af hafi  
frá fjarlægri strönd  
í leit að lífi, í leit að von  
og landið opnaði faðm sinn.

Og landið gaf ykkur líf  
og landið gaf ykkur von.

Þar sem himinn heilsar hafi  
þar sem hraunið sefur í ró.  
Þar sem fjallið helgar staðinn,  
þar fannstu þér skjól.

Undir hamrinum vættir vaka,  
fagna vori með birtu og yl,  
ilmar loftið af æskuanda  
kallar fólkið til dáða á ný.

Lækurinn segir þér sögur  
af sumri og börnum við leik,  
um álfir og endur sem dansa  
í síkvikum sagnanna heim.

Garðurinn geislar af hlátri  
barna við leik og störf.  
Í hellum og gjótum sig fela

þar laufskrúðug trén standa vörð.

Við höfnina bátarnir bíða  
bjartur dagurinn veitir frið.  
Yfir hafflötinn fuglarnir svífa  
við öldunnar vaggandi klið

Og enn kemur fólk af hafi  
og enn leitar fólk að von.  
Opnaðu augun og sjáðu  
þar dóttur þína og son.

Frá austri, úr vestri og suðri  
börn jarðar,  
ljósberar framtíðar .

Hlustaðu á raddir þeirra,  
heyrðu kall þeirra.

Verndaðu barnið.  
Gefðu því ást þína  
gefðu því framtíð  
og skjól.

Lyngheimur, ljósheimur  
ljúflingur vakir í steini.  
Lyngheimur, ljósheimur  
smáfuglar kvaka í reyni.

Höfundur: Eygló Jónsdóttir 2019